

# Leiðbeiningar til umsækjenda vegna umsókna um sérfræðilæknisstörf og yfirlæknisstörf

## -Stöðunefnd læknaáðs Landspítala-

Mikilvægt er að umsækjendur um störf sérfræðilækna og yfirlækna hafi aðgang að leiðbeiningum um það hvaða gögn og upplýsingar þurfa að fylgja með starfsumsóknnum. Það er æskilegt að umsækjendur nýti sér þessar leiðbeiningar þannig að umsóknirnar verði sem best úr garði gerðar og reynsla og hæfni umsækjenda skili sér að fullu.

Hér að neðan eru almennar leiðbeiningar fyrir umsækjendur um störf sérfræðilækna og yfirlækna. Þeim gögnum sem nauðsynlegt / æskilegt er að fylgi umsóknnum hefur verið skipt í sex aðskilda kafla hér að neðan: 1) Próf og leyfi, 2) Framhaldsnám og störf, 3) Ritstörf og rannsóknir, 4) Kennslustörf, 5) Stjórnunar- og félagsstörf og 6) Annað.

Á heimasíðu læknaáðs Landspítala undir fyrirsögninni “**Reglur stöðunefndar**” má finna viðmiðunarleiðbeiningar stöðunefndar um það hvernig einstakir þættir er metnir (punkturtagið).

***Stöðunefnd læknaáðs metur aðeins innsend gögn en leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjendum, stofnunum eða opinberum aðilum. Það er alfarið á ábyrgð umsækjenda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru og þeir vilja að komi til mats hjá stöðunefnd.***

### 1. Próf og leyfi

Umsókn fylgi eftir því sem við á:

- Afrit af embætisprófsskírteini frá læknaeild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla
- Afrit af almennu lækningaleyfi á Íslandi
- Afrit af almennu lækningaleyfi erlendis
- Afrit af íslenskum sérfræðileyfum
- Afrit af erlendum sérfræðileyfum
- Afrit af öðrum þeim prófskírteinum eða leyfum, sem umsækjendur vilja að tekið sé tillit til við mat á umsóknnum (t.d. doktorspróf, masterspróf, o.fl.).

### 2. Framhaldsnám og störf

Umsókn fylgi eftir því sem við á:

- Starfsvottorð vegna kandidatsnáms
- Starfsvottorð vegna sérfræðináms. Gera skal grein fyrir starfshlutfalli og innihaldi námsins
- Starfsvottorð vegna sérfræðistarfa og yfirlæknisstarfa

### 3. Ritstörf og rannsóknir

Umsækjandi geri á skýran hátt grein fyrir reynslu sinni af vísindavinnu. Umsækjandi sendi inn ritverkaskrá og afrit af birtu efni (vísindagreinar, bókarkafli, doktorsritgerðir, útdrættir og annað það sem umsækjandi óskar eftir að fá metið sem vísindavinnu). Umsækjandi geti þess ef hann

hefur setið í ritstjórn tímarits eða ritrýnt greinar fyrir innlend eða erlend læknisfræðirit. Einnig skal geta þess hversu oft vitnað hefur verið í einstök ritverk umsækjanda.

#### **4. Kennslustörf**

Umsækjandi geri á skýran hátt grein fyrir reynslu sinni af kennslustörfum. Upplýsingar komi fram um fastakennslu, stundakennslu og/eða fyrirlestra. Geta skal um fjölda fyrirlestra sem umsækjandi hefur haldið eða starfshlutfall ef um fasta kennslustöðu hefur verið að ræða.

#### **5. Stjórnunar- og félagsstörf**

Umsækjandi geri góða grein fyrir reynslu sinni af stjórnunar- og félagsstörfum. Það komi fram ef umsækjandi hefur gegnt stöðu yfirlæknis (starfsvottorð frá vinnuveitanda). Einnig sé gerð grein fyrir setu í nefndum á vegum háskóla, spítala, stofnunar og/eða stjórnvalda.

#### **6. Annað**

Auk þess getur verið viðeigandi og gagnlegt fyrir umsækjendur að gera skriflega grein fyrir helstu áherslum sínum í námi, starfi og rannsóknum auk framtíðaráforma í starfi. Einkum er slíkt æskilegt varðandi þau atriði, sem sérstaklega er sóst eftir eða krafist í starfsauglýsingu. Yfirlit af þessu tagi getur m.a. verið gagnlegt sem undirbúningur fyrir viðtal, sem alla jafna er undanfari ráðningar í auglýst starf.